


# Vinátta og samskipti

Fræðsluefni



Vinátta og samskipti : fræðsluefni

Lokaverkefni til BA-prófs í þroskaþjálfarafræði við deild menntunar og margbreytileika,  
Menntavísindasvið Háskóla Íslands

© Íris Björk Ágústsdóttir 2019

Óheimilt að afrita verkefnið á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

## Gott að hafa í huga áður en lestur hefst

- Fyrir hverja er fræðsluefnið *Vinátta og samskipti* ? Alla þá sem eiga stundum erfitt með samskipti við aðra, halda uppi samræðum, skilja vináttu og halda í tengls við vini
- Fræðsluefnið er sett upp sem fjórar leiðbeinandi sögur í formi félagsfærnisagna.
- Hver saga tekur fyrir eitt atriði og er gert til leiðeiningar fyrir þann sem les söguna.
- Það er líka gott að velta fyrir sér hverju atriði fyrir sig eftir lestur og hugsa með um hvað er eins og hjá manni sjálfum.
- Hér eru þess vegna líka settar upp nokkrar vangaveltur sem gott getur verið að fara yfir í lokin.
- Gott er að lesa yfir hverja sögu með einhverjum sem þekkir þig vel og getur aðstoðað að skilja ef þess þarf.

## Efnisyfirlit

Gott að hafa í huga áður en lestur hefst .....	3
Vinir .....	5
Hugleiðingar .....	6
Hvað þýðir að vera vinur ? .....	7
Hugleiðingar .....	8
Að tala saman.....	9
Hugleiðingar .....	10
Faðmög.....	11
Hugleiðingar .....	12

# Vinir

Sigga á marga góða vini



Vinir hennar koma úr mörgum áttum

Úr íþróttum



Úr vinnu



Úr skóla



Siggu finnst gaman að hitta vini mína

Þegar þau hittast tala þau saman um áhugamálin sín og ýmislegt sem gerist í lífinu þeirra



Siggu finnst gaman að bjóða vinum sínum í heimsókn



Siggu finnst líka gaman að fara út með vinum sínum

Sigga og vinir hennar gera margt saman, til dæmis

fara í sund



í bíó



á kaffihús



út að ganga



# Hugleiðingar


Hverjir eru vinir mínir ?

Hvaðan koma vinir mínir ?

Hvað finnst mér skemmtilegast að gera með vinum mínum ?

# Hvað þýðir að vera vinur ?

Vinum þykir vænt um hvorn annan



Vinir treysta hvor öðrum



Vinir hlusta á hvorn annan



Vinir deila



Vinir hjálpast að



Vinir segja frá þegar þeim líður vel



og líka þegar þeim líður illa



Það er gott að eiga vin



# Hugleiðingar

Hverja þykir mér vænt um ?

Hvað þýðir að treysta ?

Hvað þýðir að deila ?


Hvað þýðir að hjálpast að ?

Hvernig á maður að hlusta á vin sinn ?




# Að tala saman


Þegar við tölum saman




horfum við í augun á þeim sem við tölum við



Fólki finnst oft óþægilegt ef við stöndum of nálægt




Við virðum það og þössum að hafa hæfilegt bil á milli



Við grípum ekki fram í þegar aðrir eru að tala



Við hlustum



og segjum frá til skiptis



Þannig getum við átt góðar samræður við vini okkar



# Hugleiðingar

Er eitthvað sem ég þarf að æfa mig í þegar ég tala við aðra ?

Gott getur verið að hugsa um hvað þarf að æfa og reyna að muna það næst þegar þú átt í samræðum við annan

# Faðmlag


Mér finnst gaman að faðma vini mína



Það er ekki alltaf réttur tími til að gefa faðmlag og sumum finnst óþægilegt að faðmast




Þess vegna spyr ég alltaf hvort ég megi faðma



Ef hann segir nei er það allt í góðu



Ef hann segir já föðmust við



# Hugleiðingar

Gott er að velta fyrir sér hvenær gæti verið óhentugur tími til þess að faðma og hvenær gæti verið hentugur tími til þess að faðma

Getur þú komið með nokkur dæmi ?